

Gáttin

Gáttin er upplýsingagátt að viðskiptamannasögu fyrirtækja sem eru í reikningsviðskiptum við Póstinn. Skriflegur samningur um aðgang er gerður við starfsmenn viðskiptamanns sem óska eftir aðgangi að Gáttinni.

Aðgangur

Aðgangur starfsmanna viðskiptamanns felst í eftirfarandi:

- Upplýsingar um bókuð viðskipti viðskiptamanns sem tengd eru kennitölu / -um hans
- Upplýsingar um skráðar sendingar til og frá viðskiptamanni sem eru tengdar kennitölu / -um hans

Aðgangur starfsmanna viðskiptamanns að Gáttinni er einstaklingsbundinn og er einstaklingnum óheimilt að halda aðgangi sínum eftir að hann hafi lokið störfum hjá viðskiptamanni. Honum er einnig óheimilt að framselja hann eða leyfa öðrum aðilum að nota sinn aðgang.

Ábyrgð

Starfsmaður viðskiptamanns ber fulla ábyrgð á öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru með hans notandanafni, aðgangsorði hvort sem þær eru framkvæmdar af honum sjálfum eða öðrum, hvort sem þeir hafa til þess leyfi hans eða ekki. Misnotkun á aðgangsorði, notandanafni verður aldrei á ábyrgð Póstsins. Öll notkun og meðhöndlun upplýsinga sem starfsmaður viðskiptamanns fær úr Gáttinni er á ábyrgð forsvarsmanns viðskiptamanns og ber starfsmanni að fara með þær sem trúnaðarmál og einungis nota í sína þágu. Brot á þessu veitir Póstinum rétt til að rifta samningi um aðgang enda um verulega vanefnd að ræða.

Heimild Póstsins

Pósturinn hefur heimild til að rjúfa aðgang að Gáttinni ef starfsmaður viðskiptamanns eða annar aðili, hvort sem hann er á vegum viðskiptamanns eða ekki, verður uppvís að misnotkun eða tilraun til misnotkunar. Ákvæði þetta um heimild til fyrirvaralaus rofs á aðgangi á jafnframt við um allar aðgerðir sem hægt verður að rekja til notandanafns viðskiptavinar hvort sem þær eru framkvæmdar með hans leyfi eða ekki. Pósturinn hefur heimild til, án sérstakrar tilkynningar, að fella niður aðgang viðskiptamanns ef aðgangurinn hefur ekki verið notaður í að minnsta kosti 3 mánuði.